

INNKAUPARÁÐ

Ár 2014, föstudaginn 7. febrúar var haldinn 312. fundur innkauparáðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 12:15. Viðstaddir voru Stefán Jóhann Stefánsson, S. Björn Blöndal. Einnig sátu fundinn, Eyþóra K. Geirsdóttir lögfræðingur á skrifstofu Borgarlögmanns, Benedikt Hallgrímsson lögfræðingur á skrifstofu Borgarlögmanns, Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir deildarstjóri innkaupadeildar og Hrólfur Sigurðsson innkaupadeild sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 29. janúar sl., þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði JB Lighting Lichtenlagentechnik GmbH sem átti lægsta gilda tilboð í útboði nr. 13139, Reykjavík City Theatre, LED wash luminaire. R14010140. Samþykkt.
2. Lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 3. febrúar sl., varðandi beiðni um heimild til sammingskaupa án undangenginnar útboðsauglýsingar við verkfræðistofuna Vatnaskil ehf vegna rannsókna á grunnvatni og gerð grunnvatnslíkans af Vatnsmýrarsvæðinu. R14010098. Samþykkt.

Ámundi Brynjólfsson og Þorkell Jónsson, Umhverfis- og skipulagssviði sátu fundinn við afgreiðslu mála 1 og 2.

Fundi slitið kl. 12:36

Stefán Jóhann Stefánsson (sign)

S. Björn Blöndal (sign)